



Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1998

Árið 1998 var hagstætt trjágróðri í Hellisskógi. Tré komu yfirleitt vel undan vetri og engin áföll urðu á vaxtartímanum. Ágætur vöxtur var í flestum trjátegundum. Eftir sumarið má víða sjá langa vaxtarsprotta á birki, ösp og sitkagreni.

Í fjárhagsáætlun unglíngavinnu fyrir sumarið 1998 var í fyrsta skipti gert ráð fyrir sérstöku framlagi til að kosta vinnuflokk unglíngavinnunar í Hellisskógi. Þar með var vinnuframlag unglíngavinnunar ekki tekið af styrk Selfossbæjar til Skógræktarfélagssins eins og verið hefur undanfarin ár. Sem fyrr sá Örn Óskarsson um undirbúning og skipulagningu vinnunnar í Hellisskógi.

Helstu framkvæmdir í Hellisskógi 1998

A) Plöntun.

Félagsmenn unnu tvö kvöld við plöntun.

Fyrri kvöldið var 4. júní. Þá mættu 14 félagsmenn og plöntuðu 770 birkiplöntum (fp) í móann í NV horni Hellisskógar frá öskuhaugum og upp að Biskupstungnabraut.

Síðara kvöldið var 8. júní. Þá mættu 12 félagsmenn og plöntuðu 1200 birkiplöntum (fp) upp við Biskupstungnabraut.

B) Gerð göngustíga.

Vinnuflokkur úr unglíngavinnu dreifði trjákurli í stíga. Sökum manneklu í unglíngavinnunni tókst ekki að ljúka við nema lítinn hluta þeirra verkefna sem áætluð voru og fjárveitingar voru fyrir. Þó tókst að ljúka að mestu við Hellisbrúna frá Hellisholti upp fyrir Stekkjarholt.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Selfoss

Örn Óskarsson